

L Ö G

um fiskveiðasjóð Íslands.

34

2. apríl

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 7. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 110 9. okt. 1941, um fiskveiðasjóð Íslands, hef látið fella breytingar þessar inn í téð lög nr. 110 9. okt. 1941, og gef þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands:

1. gr.

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánnum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmiðja til vinnslu úr sjávarafurðum.

2. gr.

- a. Stofnfé sjóðsins er: Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda eins og þær eru nú.
- b. Tekjur sjóðsins eru:
 1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.
 2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem rikissjóður innheimtir samkv. lögum nr. 63 28. jan. 1935.
 3. Vextir.

3. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að 4 milljónum kr., sem tryggð skulu með stofnfé sjóðsins og ábyrgð rikissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra, í reglugerð sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að 4 milljónum kr., enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og tímalengd útlána, að rikissjóður verði skaðlaus af.

4. gr.

Fé fiskveiðasjóðs má eingöngu lána til:

- a. Skipakaupa og skipabygginga. Hafi sjóðurinn ekki nægilegt fé til þess að fullnægja lánsþörfinni, skulu skip innan 150 smál. sitja fyrir lánnum.
- b. Stofnunar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar, gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrabræðslustöðvum, fiskmjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu sjávarafurða.
- c. Til dráttarbrauta.

5. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðstjórnin metur gildar, má lána allt að ⅔ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a.-lið 4. gr. er 15 ár.

Sjóðurinn lánar aðeins gegn 1. veðrétti.

34

2. apríl

Út á eignir, sem tilgreindar eru í b.-lið og c.-lið 4. gr., má lána allt að $\frac{2}{5}$ virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns 75 þúsund krónur.

7. gr.

Vextir af lánnum fiskveiðasjóðs skulu vera 4% — fjórir af hundraði — á ári og greiðist fyrir fram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við gjald-daga á lánnum úr fiskveiðasjóði, sem skal vera þann 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá enn fremur reikna $\frac{1}{2}$ % dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

8. gr.

Við fiskveiðasjóð skal stofna sérstaka deild, er hefur það hlutverk að veita 2. og 3. veðréttar lán til byggingar fiskibáta innan 150 smálesta. Til þessarar deildar ganga frá 1. jan. 1943 $33\frac{1}{2}$ % af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu. Úr sjóði þessum skal veita lán til kaupa og byggingar nýrra fiskiskipa, sem minni eru en 150 smálestir brúttó. Lán, sem veitt eru úr sjóði þessum, skulu vera vaxtalaus í 10 ár og afborgunarlaus fyrstu 5 árin. Lánin veitist eingöngu félögum eða einstaklingum, sem kaupa eða byggja skip til fiskveiða. Lán úr þessum sjóði má nema allt að 25% af kaupverði eða byggingarkostnaði skipsins. Við lánveitingar úr sjóðnum skal taka tillit til þess, hvort umsækjandi stundar sjómennsku eða útgerð sem aðalstarf. Lán úr sjóði þessum má veita til skipa, sem fullsmíðuð voru eftir árslok 1941, og skal við ákvörðun lána taka tillit til fjárhagsástæðna umsækjanda og til þess, í hve mikilli dýrtíð skipið er byggt og hver byggingarkostnaður þar af leiðandi hefur orðið. Í reglugerð sjóðsins skulu sett ýtarlegri ákvæði um starfsemi þessarar deildar og ákvæði, er miði að því að fyrirbyggja misnotkun á hlunnindum þessara lána.

9. gr.

Auk þeirra tekna, sem um er rætt í 8. gr., leggur ríkissjóður deildinni til 2 milljónir króna á árinu 1943. Skal fé þessu varið til að veita styrki til kaupa og byggingar nýrra fiskiskipa, sem minni eru en 150 smálestir brúttó. Styrkur þessi veitist eingöngu félögum eða einstaklingum, sem kaupa eða byggja skip til fiskveiða. Styrkur til hvers skips má nema allt að 25% af kaupverði eða byggingarkostnaði skipsins, þó aldrei yfir 75000 kr. á skip.

Við úthlutun styrksins skal taka tillit til þess, hvort umsækjandi stundar sjómennsku eða útgerð sem aðalstarf. Styrkur þessi veitist til skipa, sem fullsmíðuð voru eftir árslok 1941, og skal við ákvörðun fjárhæðar styrkja taka tillit til fjárhagsástæðna umsækjanda og til þess, í hve mikilli dýrtíð skipið er byggt og hver byggingarkostnaður þar af leiðandi hefur orðið.

Ríkisstjórnin setur reglugerð um styrkveitingar úr sjóðnum í samráði við sjóðsstjórnina og að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og fiskimálanefndar. Þar skulu sett ákvæði til tryggingar því, að styrkirnir verði ekki misnotaðir með því að verzla með þá, eða á annan hátt, og um refsíákvæði fyrir brot á styrkskilyrðum og reglugerð, sem sett er um þetta efni.

Styrkjum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar úthlutar stjórn fiskveiðasjóðs Íslands, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og fiskimálanefndar.

Lán samkv. 8. gr. og styrk samkv. 9. gr. má eigi veita út á sama skip.

10. gr.

Útborgun lána samkv. 5. og 8. gr. og styrkja samkv. 9. gr. skal haga svo, að $\frac{1}{3}$ láns og styrks greiðist, þegar kjölur er lagður og meginhluti efnis er kominn á

staðinn, $\frac{1}{3}$ þegar skipið er byrt og þiljur lagðar og vél skipsins komin á staðinn. 34
Lokagreiðsla fer fram, þegar skipið er fullsmíðað, virt og vátryggt.

2. apríl

11. gr.

Eignir þær, er fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

12. gr.

Verði eigandaskipti að eign, sem veðsett er fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigandaskipti þegar í stað.

13. gr.

Nú er lán úr fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það fiskveiðasjóðnum út til eignar ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

15. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett fiskveiðasjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

16. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánnum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþeginn stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

17. gr.

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, er fer með sjávarútvegsmál.

34 Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefur á hendi framkvæmdarstjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur fiskveiðasjóðs (og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda) greiðist af tekjum sjóðsins.

18. gr.

Ákvæði 14., 15., 16. og 17. gr. skulu einnig gilda um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda eftir því sem við á.

19. gr.

Reikningar fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Í reglugerð fyrir fiskveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögnum.

21. gr.

Lög um fiskveiðasjóð Íslands frá 19. maí 1930 gengu í gildi 1. jan. 1931, og voru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 52 10. nóv. 1905, um stofnun fiskiveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29 16. nóv. 1907, um lánadeild við fiskiveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bág við lög þessi. Enn fremur eru úr gildi numin lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.